

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við frumsýningu
kvikmyndarinnar Jöklaland**

Háskólabíói, 22. september 2016, kl. 17:30

Forseti Íslands, fyrrverandi forseti Íslands, góðir gestir,

Landið var fagurt og frítt
og fannhvítir jöklanna tindar,
himinninn heiður og blár,
hafið var skínandi bjart.

Svona orti Jónas Hallgrímsson þjóðskáldið okkar um fegurð jöklanna og það hagar þannig til í ljóðinu að vísað er til fortíðar. Svo kann einmitt að fara að jöklarnir muni tilheyra fortíðinni og barnabarnabörn okkar, sem hér sitja í dag, munu þá einungis geta séð Snæfellsjökul í kvikmynd eins og þeirri sem við munum senn upplifa eða á ljósmyndum. Ef hitastig á jörðinni hækkar um tvær gráður til næstu aldamóta, með sama hraða og gert hefur undanfarna áratugi, verða allir jöklar landsins að mestu horfnir á næstu 150 til 200 árum. Þetta er auðvitað skelfileg framtíðarsýn.

Hlýnun jarðar er enda ein mesta ógn sem jarðarbúar standa frammi fyrir í nánustu framtíð og hopun jöklana líklega það flestir sjá til merkis um þær miklu breytingar sem framundan eru. En hlýnun jarðar bræðir ekki eingöngu jöklana okkar, hún snertir allt lífríkið. Því er nauðsynlegt að við tökum höndum saman

til að sporna við þessari öfugþróun. Alþjóðasamfélagið, stjórnvöld og einstaklingar, þurfa að grípa til aðgerða í samvinnu við stóru fyrirtækin. En þetta eru ekki ný sannindi. Um áratugaskeið hefur verið varað við hvert stefnir, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Myndin *Jöklaland – Veröld breytinga* sem við sjáum hér á eftir, vekur þau okkar vonandi af værum blundi sem enn hafa ekki skynjað óæskilegar breytingar í náttúrunni.

Jafnvel þótt Ísland sé smáriki getum við sent skýr skilaboð til umheimsins um að sporna við loftslagsbreytingum. Þannig getum við Íslendingar verið fremstir í þeim breytingum sem grípa þarf til eigi jöklar landsins ekki að hverfa og hitastig sjávar að hækka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fiskistofna okkar. Við megum alls ekki gleyma því að um tíundi hluti jarðar er þakinn jöklum, þar með talið stóru ísbreiðurnar á heimskautasvæðunum, og hröð hlýnun andrúmsloftsins undanfarna átta áratugi veldur sífelldri og síaukinni bráðnun með tilheyrandi hækkun á yfirborði sjávar. Ekki þarf að fjölyrða um áhrifin sem þetta hefur á strandarsvæðin.

Eins og við komum til með að sjá í myndinni hér á eftir hafa vísindamenn okkar í auknu mæli beint sjónum sínum að jöklum og bráðnun þeirra. Með því að stunda jöklarannsóknir, ekki hvað síst á Íslandi, má spá fyrir um þau áhrif sem loftslagsbreytingarnar hafa. Um tíundi hluti landsins er hulin jöklum og eru þeir flestir mjög sýnilegir og laða hingað gríðarlegan fjölda ferðamanna á ári hverju. Í hópi þessara jökla er sjálfur Vatnajökull, stærsti jökull Evrópu, sem er í aðalhlutverki í myndinni. Í henni fáum við einstakt tækifæri til þess að fylgjast með vísindamönnum, m.a. frá Háskóla Íslands, sem rannsaka Vatnajökul og aðra bræður hans hér. Við fáum líka skýra mynd af þeim breytingum sem orðið

hafa á jöklum hér á landi undanfarna áratugi. Og það sem meira er, vísindamennirnir skyggjast er inn í framtíðina og spá fyrir um hvað verður um þessar náttúruperlur okkar ef ekkert verður að gert.

Ég óska aðstandendum *Jöklalands – Veröld breytinga* innilega til hamingju, þeim Gunnlaugi Þór Pálssyni, höfundi myndarinnar og framleiðendunum Önnu Dís Ólafsdóttur og Jóhanni Sigfússyni frá Profilm. Fyrir mér er þessi mynd hreint og klárt listaverk og ég vona svo sannarlega að hún verði til þess að við mennirnir snúum við á þeirri óheillavænlegu braut sem við höfum fetað undanfarin 80 ár.

Kærur gestir. – Góða skemmtun.